

Ár 1978, mánudaginn 24. júlí, var í málínu nr. 8/1978 kveðim upp af yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi


ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 3. júlí 1978, kærði Þorsteinn Geirsson til Yfirfasteignamatsnefndar út af álagningu fasteignaskatts á lóðirnar nr. 23 og 25 við Nesbala á Seltjarnarnesi. Er fasteignaskattur lagður á lóðir þessar samkvæmt b-lið 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, en kærandi telur, að skattleggja beri lóðirnar samkvæmt a-lið sömu greinar, þar sem um íbúðarhúsalóðir sé að ræða.



Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er hafin bygging íbúðarhúsa á umræddum lóðum, en þau hafa ekki verið tekin í fasteignamat. Skýra verður fyrrgreind ákvæði laga nr. 8/1972 þannig, að lóðir íbúðarhúsa skuli skattlagðar samkvæmt a-lið 3. gr. laga nr. 8/1972, eftir að íbúðarhús á þeim hafa verið tekin í fasteignamat, en ekki fyrr. Af þessum sökum verður krafa kæranda um skattlagningu lóðanna samkvæmt a-lið 3. gr. laga nr. 8/1972 ekki tekin til greina.

ú r s k u r ð a r o r ð :

Framangreind krafa um, að lóðir nr. 23 - 25 við Nesbala á Seltjarnarnesi skuli skattlagðar samkvæmt a-lið 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, er ekki tekin til greina.



Gaukur Jörundsson.


Torfi Ásgeirsson
Guðmundur K. Magnússon.